



Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

Ánægja Ábyrgð Árangur

Reglur um snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr

Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð.

Mælst er til þess að nemendur geymi snjalltæki **heima**.

Taki nemendur þau með í skólann skal vera **slökkt á þeim**.

Airpods og önnur bluetooth heyrnatól eru ekki leyfð í skólanum nema með sérstöku leyfi starfsfólks. Nemendur geta fengið afnot af heyrnatólum í skólanum.

Viðurlög við brot á reglunum í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Ef nemendur brjóta regluna bregðast starfsmenn strax við og skrá brotið á skráningarblað hjá ritara og í mentor.

Brjóti nemandi regluna þrisvar skal honum vísað til **skólastjórnenda** þar sem nemandi **afhendir tækið**. Neiti nemandi að afhenda tækið skulu **foreldrar koma í skólann** og ná í tækið.

Við ítrekuð brot, þ.e. við fjórða brot, eru foreldrar boðaðir á fund umsjónarkennara og skólastjóra og lausna leitað.